

# Reglugerð um eftirlitsmenn

1. Eftirlitsmaður skal hafa lokið námskeiði á vegum SKÍ og hafa tilskilin réttindi.
2. Á Skíðamóti Íslands, Unglingameistaramóti Íslands og bikarmótum er eftirlitsmaður skipaður af SKÍ og má hann ekki vera frá sama héraði og heldur mótið. Á héraðsmótum er eftirlitsmaður skipaður af viðkomandi skíðaráði/skíðafélagi.
3. Eftirlitsmaður fylgist með undirbúningi og framkvæmd mótsins og er mótsstjóra til ráðuneytis. Hann er formaður dómnefndar. Mótsstjórn skal hafa samband við eftirlitsmann í tíma og senda honum afrit af boðsbréfi á mótið og upplýsingum um undirbúning mótsins.
4. Eftirlitsmaðurinn er aðalfulltrúi SKÍ á mótinu og skal sem formaður dómnefndar sjá um að mótsreglum og reglugerðum SKÍ sé framfylgt í hvívetna. Mótsstjórn ber að fara að fyrirmælum hans. Hann skal hafa samvinnu við fararstjóra og þjálfara keppenda.
5. Eftirlitsmaðurinn skal vera til staðar á Skíðamóti Íslands frá því daginn fyrir mót þannig að hann geti fylgst með lokaundirbúningi og tækniþúnaði. Eftirlitsmaðurinn getur gefið mótstjórn fyrirmæli vegna framkvæmdarinnar. Við önnur mót skal eftirlitsmaðurinn koma tímanlega fyrir keppni, helst daginn áður. Hann skal vera viðstaddur við röðun í ráshópa og úrdrátt á rásröð. Aðrar mikilvægustu skyldur eftirlitsmanns eru:
  - a. Taka út brautir í samvinnu við dómara (sem er sérfræðingur dómnefndar í tækniatriðum) eftir að þær hafa verið lagðar og athuga sérstaklega að brautirnar séu tæknilega í samræmi við mótsreglur og að undirbúningur brautarstæðis sé fullnægjandi.
  - b. Gætt sé fyllsta öryggis og tekið tillit til áhrifa veðurs á brautirnar.
  - c. Val og undirbúningur á rás- og endamarki sé samkvæmt leikreglum.
  - d. Keppendum sé tryggður aðgangur að lyftum.
  - e. Samband milli rásmarks og endamarks sé öruggt.
  - f. Læknis- og öryggisþjónusta sé tryggð.
6. Innan tveggja daga frá keppni skal eftirlitsmaður senda skriflega skýrslu til SKÍ. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um framkvæmd, skipulag og tæknileg atriði keppninnar auk þess um veður, færi, óvenjulega atburði, úrskurði og slys og annað sem skiptir máli.
7. Í alþjóðlegum mótum er eftirlitsmaðurinn, “Technical Delegate” (FIS-TD), tilnefndur af FIS. SKÍ tilnefnir aðstoðarmann eftirlitsmanns í samráði við mótsstjórn sem er tengiliður

við undirbúning mótsins og aðstoðarmaður á mótinu.

8. Til að öðlast réttindi til að starfa sem eftirlitsmaður SKÍ verður viðkomandi að hafa staðist skriflegt og verklegt próf. SKÍ gefur út skírteini sem allir eftirlitsmenn verða að hafa. Skírteinið gildir í 5 ár.
9. Sá sem hlotið hefur réttindi sem eftirlitsmaður á bikarmótum SKÍ þarf að sækja fræðslunámskeið SKÍ til að viðhalda réttindum sínum.
10. Eftirlitsmaður sem ekki sækir námskeið SKÍ án gildrar ástæðu í tvö ár missir réttindi til að starfa sem eftirlitsmaður SKÍ. Til að öðlast skírteini að nýju þarf viðkomandi að taka prófið aftur.
11. Ef eftirlitsmaður forfallast verður að tilkynna það móta- og aganefnd sem tilnefnir nýjan eftirlitsmann strax. Ef eftirlitsmaður mætir ekki eða of seint á mótið af einhverjum ófyrirsjáanlegum orsökum og er þannig alveg eða að hluta til ófær um að sinna starfi sínu á mótinu verða mótshaldarar í samráði við fulltrúa annarra aðildarhéraða að tilnefna varamann úr röðum dómnefndarmanna á mótsstað.
12. Í neyðartilfellum má tilnefna eftirlitsmann sem ekki hefur fullgild réttindi en er fær um að tryggja framkvæmd mótsins. Áhersla skal lögð á að fá eins hæfan mann og unnt er. Varamaðurinn hefur sömu réttindi og skyldur og sá eftirlitsmaður sem upphaflega var tilnefndur.
13. Mótshaldarar skulu greiða eftirlitsgjöld til SKÍ skv. gjaldskrá auk upphalds og gistingar vegna eftirlitsmanns. SKÍ greiðir ferðakostnað eftirlitsmanns og dagpeninga til eftirlitsmanns skv. ákvörðun stjórnar.
14. Hvert aðildarfélag skal greiða samkvæmt gjaldskrá SKÍ árlega til SKÍ fyrir námskeiðahald eftirlitsmanna sem haldið verður í nóvember ár hvert.
15. Móta- og aganefnd SKÍ ber ábyrgð á því hvernig starf eftirlitsmanns er byggt upp og sér um að reglum um eftirlitsmann sé framfylgt.

Samþykkt á Skíðapingi, maí 2005